

91

8. júl

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir heimæðar Hitaveitu Reykjavíkur,
nr. 173 1. sept. 1943.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera kr. 150.00 fyrir hverja 10 rúmmetra af upphituðu rúmmáli húsa skv. utanmáli án frádráttar vegna súðar.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsi og skal þá greiða kr. 500.00 í aukagjald fyrir hvert viðbótarkerfi umfram það fyrsta.

Ný grein, er verði 5. gr. orðist svo:

Gjaldskrá þessi gildi frá 1. júní 1958.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febr. 1940, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 150 18. ágúst 1953, um breyting á gjaldskrá fyrir heimæðar Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 173 1. sept. 1943.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

92

8. júl

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. des. 1943.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkv. vatnsmæli kr. 3.60 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitapörf hússins.

4. gr. gjaldskrárinnar falli burt og breytast greinatölur og tilvitnanir í samræmi við það.

5. gr. gjaldskrárinnar, sem verður 4. grein orðist svo:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæla skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotin og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ "	kr. 9.00
b. — — — — 1—2"	— 30.00
c. — — — — 3"	— 150.00

Ný grein, er verði 12. gr.:

Gjaldskrá þessi gildi frá álestursdegi í júní 1958.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febr. 1940, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 224 31. des. 1951, um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. des. 1943.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.